

Aukin efnistaka við Ferjufit, Rangárþingi ytra

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 11. mars 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Landsvirkjun um aukna efnistöku úr námu við Ferjufit, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Rangárþings ytra, forsætisráðuneytisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skógar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar: Ferjufit – Aukin efnistaka. Matsskyldufyrirspurn. Efla – Landsvirkjun. Mars 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra þann 24. apríl 2026,
- Forsætisráðuneyti þann 7. maí 2026,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 21. apríl 2026,
- Landi og skógi þann 30. apríl 2026,
- Minjastofnun Íslands þann 6. maí 2026,
- Náttúrufræðistofnun þann 24. apríl 2026,
- Náttúruverndarstofnun þann 24. apríl 2026,
- Vegagerðinni þann 24. apríl 2026.

Umhverfis- og orkustofnun skilaði ekki umsögn.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 28. maí 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í aukinni efnistöku við Ferjufit. Hingað til hefur verið skilgreint 0,5 ha svæði fyrir allt að 10.000 m³ efnistöku en fyrirhuguð er að stækka svæðið í allt að 4 ha og auka efnistöku upp í allt að 120.000 m³. Náman er staðsett innan deiliskipulagssvæðis vindorkuversins Vaðölduvers og mun efni fyrst og fremst nýtast við uppbyggingu innan þess svæðis. Einnig er möguleiki á að nýta efnið í aðrar framkvæmdir og viðhaldsvinnu Landsvirkjunar, s.s. við Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell. Um er að ræða grjótnámu og við efnistöku verður efsta jarðvegslagi og öðru efni sem ekki nýtist, ýtt til hliðar og nýtt síðar við frágang svæðis. Nýtanlegt efnislag er fremur þunnt, eða um 3 m en kann að vera þykkara á afmörkuðum svæðum. Efni verður sprengt og fleygað til að það henti sem best í varnargarða/grjótvörn. Raskað svæði verður jafnað og aðlagð að nálægu landi. Svæði sem verða nýtt

4 Umhverfisáhrif

Gróður og vistgerðir

Að mati Náttúruverndarstofnunar styðja fyrirbyggjandi gögn það að stór hluti framkvæmdarsvæðisins hafi lágt vistfræðilegt gildi, einkum þar sem um er að ræða raskað og lítt gróið land. Stofnunin telur að áhrif á vistgerðir og fuglalíf séu líklega takmörkuð miðað við núverandi ástand svæðisins en nauðsynlegt sé að afmarka betur votlendisvistgerðir með hátt verndargildi og tryggja að þær verði ekki fyrir beinum eða óbeinum áhrifum framkvæmdarinnar. Þá er jafnframt mikilvægt að taka tillit til fuglalífs við tímasetningu framkvæmda og eftir atvikum grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé utan þeirra svæða sem líklega teljast til votlendis.

Jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berggrunnur framkvæmdarsvæðisins einkennist af forsögulegu basísku og ísúru hrauni myndað á nútíma en nútímahraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Hraunið er sandorpið og er einungis sýnilegt að takmörkuðu leyti og hefur því verndargildi hraunsins rýrnað ásamt því að svæðinu hefur verið talsvert raskað vegna mannvirkjagerðar innan iðnaðarsvæða. Mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmda á jarðmyndanir verði óveruleg.

Að mati Náttúruverndarstofnunar bendir fyrirbyggjandi lýsing til þess að það hraun sem er innan framkvæmdarsvæðisins sé að verulegu leyti sandorpið, auk þess sem svæðinu hefur þegar verið raskað vegna efnistöku og annarra framkvæmda. Við slíkar aðstæður getur hraun tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun og nýtur það þá að jafnaði ekki sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laganna.

Ásýnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistaka komi til með að hafa tímabundin áhrif á ásýnd svæðis en hafa beri í huga að nú þegar er efnistaka á svæðinu og áhrif á ásýnd svæðisins hafa nú þegar orðið töluverð. Framkvæmdasvæðið liggur við fjölfarnar og vinsælar ferðamannaleiðir inn á suðurhálendið. Gerð verður krafa til verktaka um snyrtilega umgengi á framkvæmdatíma og vandaðan frágang á efnistökusvæði að nýtingu lokinni sem dregur úr áhrifum á ásýnd.

Forsætisráðuneytið gerir kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og landi, að við frágang og á meðan efnistöku stendur verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Þá þarf umgengni um svæðið að vera til fyrirmyndar á meðan efnistaka fer fram á svæðinu.

Að mati Náttúruverndarstofnunar eru áhrif á ásýnd líklega staðbundin, en mikilvægt er að takmarka rask, huga að samlegðaráhrifum og tryggja vandaðan frágang í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd.

Umferð

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði og nærliggjandi svæði séu mikið manngerð, aðallega í tengslum við uppbyggingu orkumannvirkja. Í nágrenni svæðisins er að finna sjö vatnaflsstöðvar og liggja háspennulínur við svæðið. Samhliða virkjun Þjórsár-/Tungnaáarsvæðisins hefur átt sér stað uppbygging á vegakerfinu sem kemur til með að halda áfram við áframhaldandi uppbyggingu, s.s. vegna Vaðölduvers. Framkvæmdaraðili telur að nýtt efnistökusvæði muni hafa óverulegar breytingar í för með sér fyrir núverandi umferð á svæðinu þar sem hún mun að mestu vera innan framkvæmdasvæðis Vaðölduvers.

Vegagerðin bendir á mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og vekur athygli á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þunga og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis.

Í svörum Landsvirkjunar er lögð áhersla á áframhaldandi samráð við Vegagerðina vegna mögulegra sértækra flutninga, þar með talið þungaflutninga, eftir því sem við á. Jafnframt er bent á að umferð vegna fyrirhugaðrar efnistöku mun að verulegu leyti vera innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og hefur því takmörkuð áhrif á þjóðvegakerfið.

Vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að eitt vatnshlot sé skilgreint í og við framkvæmdasvæðið, grunnvatnshlotið Tungnaárhraun 103-308-G sem sé 1942,1 km² að stærð. Magnstaða og efnafræðilegt ástands vatnshlotsins eru óþekkt og er ekkert álag skráð á vatnshlotið. Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að magnstaða og efnafræðileg staða þess séu góð. Fram kemur

að til að meta hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á vatnshlotið, sé leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar fylgt um hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Vatnshlotið er fremur umfangsmikið og innan þess eru efnistökusvæði og framkvæmdasvæði virkjana. Ekki er fyrirhugað að bora eftir neysluvatni eða vera með fráveitu innan efnistökusvæðis. Landsvirkjun telur að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á vatnshlot á svæðinu og að takmörkuð hætta sé af mengun vegna olíuleka, þar sem ekki verður um meira magn að ræða en eru á vinnuvélum og tækjum hverju sinni auk þess sem ekki verði heimilt að geyma olíur eða mengandi efni í námunni. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin sé ekki til þess fallin að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samspil margra stórra og minni framkvæmda á sama svæði geti haft í för með sér samlegðaráhrif sem hafi neikvæð áhrif á ákveðna umhverfisþætti. Þar má nefna aukið álag á samgöngukerfið vegna flutnings á efni og tækjum, sem geti haft áhrif á umferðaröryggi, þjónustustig vega og upplifun ferðamanna og íbúa. Einnig geta framkvæmdir á mörgum stöðum samtímis haft áhrif á ásjúnd og landslag, aukið hávaða og rykmengun og haft áhrif á lífríki á meðan framkvæmdir standa yfir. Fram kemur að helstu samlegðaráhrif fyrirhugaðrar efnistöku verði með uppbyggingu vindorkuversins við Vaðöldu, ásamt öðrum efnistökusvæðum sem staðsett séu skammt frá svæðinu þar sem einnig er fyrirhuguð aukning á efnistöku vegna framkvæmda og viðhaldsvinnu Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu. Þar má nefna efnistökusvæði við Vaðfitjar, Langöldu og Tungnaáreyrar. Uppbygging Vaðölduvers og aðrar tengdar framkvæmdir á svæðinu leiða óhjákvæmilega til samverkandi áhrifa sem meta þarf í heild sinni. Gert er ráð fyrir talsverðum umhverfisáhrifum vegna uppbyggingar Vaðölduvers enda um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða. Efnistakan við Ferjufit nær yfir tiltölulega lítið landsvæði og mun ekki auka mikið áhrif á umhverfið á svæðinu ef vel verði staðið að verki á framkvæmdatíma, m.a. hvað varðar meðhöndlun olíu og stýringu á umferð. Þegar efnistöku lýkur verður svæðið aðlagð með landmótun og góðum frágangi.

Náttúrufræðistofnun bendir á að svæðið er hluti af stærra framkvæmdasvæði þar sem umfangsmikil uppbygging er fyrirhuguð. Mikilvægt er að horft sé til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum, sérstaklega með tilliti til áhrifa á landslag og lífríki.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028 en unnið er að breytingum á skipulaginu.

Efnistakan er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Svæðið er innan þjóðlendu en það eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Leyfi forsætisráðuneytisins þarf til að nýta efni innan svæðis skv. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlands, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Þá þarf starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aukningu á efnistöku um 110.000 m³ á um 4 ha svæði við Ferjufit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar og mengunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða og landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur að efnistaka hefur farið fram við Ferjufit en einungis í litlum mæli. Fyrirhuguð efnistaka er mun meiri að efnismagni og mun raska töluvert stærra svæði. Engu að síður er ekki um umfangsmikla efnistöku að ræða og þó að efnistökusvæðið sé á nútímahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, þá er um að ræða sandorpið hraun, skv. framlögðum gögnum, og má ætla að það hafi að stórum hluta glatað verndargildi sínu. Fyrir liggur að í grennd við framkvæmdasvæðið eru votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi og tekur Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) undir með Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun að afmörkun efnistökkunnar taki mið af því að raska ekki votlendinu. Fyrir liggur áhrifamat á vatnshlot og telur HMS ekki hættu á að fyrirhugaðar framkvæmdir einar og sér muni hafa þau áhrif að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Hins vegar er efnistakan hluti af umfangsmikilli framkvæmd á svæðinu og leggur stofnunin ríka áherslu á verklag sem kemur í veg fyrir að olíumengun berist í jarðveg. Fyrirhuguð efnistaka mun óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á ásýnd einkum á framkvæmdatíma en með boðuðum aðgerðum um verklag og vönduðum frágangi svæðisins er hægt að draga úr þeim áhrifum. Í því sambandi verður fyrirhugað framkvæmdasvæði, skv. framlögðum gögnum, lítt áberandi frá Sprengisandsleið sem er aðal ferðaleið um svæðið. Ljóst er að staðsetning efnistökusvæðisins í næsta nágrenni við framkvæmdasvæði vindorkuversins við Vaðöldu gerir það að verkum að efnisflutningar á þjóðvegum, m.a. á Sprengisandsleið, verða í lágmarki að því gefnu að meirihluti efnisins verði nýttur til þeirra framkvæmda. Að mati HMS er ljóst að þó að áhrif efnistöku við Ferjufit einnar og sér verði ekki veruleg verður að ræða nokkur neikvæð samlegðaráhrif á ýmsa umhverfispætti, s.s. á ásýnd og yfirbragð og upplifun ferðamanna, með umfangsmikilli uppbyggingu Vaðölduvers, ásamt öðrum efnistökusvæðum sem staðsett eru skammt frá svæðinu en um er að ræða efnistökusvæði við Vaðfitjar, Langöldu og Tungnaáreyrar þar sem samtals er gert ráð fyrir um 490.000 m³ efnistöku á þessum þremur svæðum að efnistökkunni við Ferjufit meðtalinni. Ofangreindar námur hafa allar hlotið málsmeðferð skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Forsætisráðuneytið telur að framkvæmdin sé matsskyld en ekki liggja fyrir skýr rök fyrir þeirri niðurstöðu. Landsvirkjun hefur bent á að um sé að ræða frekar einfalda stækkun á efnistökusvæði sem nú þegar hefur verið raskað. Aukið magn sé töluvert undir þeim viðmiðum sem skilgreind eru í lögum um matsskyldu og svæðið hefur takmarkaða sérstöðu.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. júlí 2026.

Reykjavík, 12. júní 2026,

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson

